

Fundur foreldrafélagsins skólaárið 2018-2019

21. mars 2019

Mættir: Andra Ýr Arnarsdóttir (formaður), María Ragnarsdóttir (gjaldkeri), Ingibjörg Unnur Sigmundsdóttir, Inga María Sigurðardóttir og Ásta Jóna Ásmundsdóttir (ritari).

Fundarefni:

1. Styrkur vegna vorhátíðar fékkst frá Elkem, alls 30 þúsund krónur. Staðan á bankareikningnum er 332.000.
2. Rætt um fræðslu. Ákveðið að fá tilboð frá nokkrum stöðum með mismunandi fræðsluerindum. Ákveðið að taka fræðslu um kvíða barna frá Litlu kvíðameðferðastöðinni. Kostar 90 þúsund utan vinnutíma og aksturskostnaður: 110 kr. á kílómeter. Fyrirlestur í um 1,5 – 2 klst þar sem farið er yfir kvíðaviðbragð, birtingamynd, ólíkar kvíðaraskanir (partur af lítinu v.s. vandamál). M.a. rætt um félagskvíða, aðskilnaðarkvíða, kjörþögli og áráttu og þráhyggju. Athugað verður hvort það geti verið annað hvort 24.4 eða 8.5 kl. 17.
3. Vorhátíðin skipulögð 22. Maí. Ákveðið að hafa pizzur, ís og safa. Leigðir verða hoppukastalar og leikir verða í boði. Búið er að kanna með Fannahlíð og er það laust.
4. Erindi frá Skýjaborg varðandi umbætur vegna ytra mats þar. Óskað eftir umsögn foreldrafélagsins til umbóta leikskólastarfs í Skýjaborg varðandi val á fulltrúa í foreldraráð með lýðræðislegri hætti. Foreldrafélagið leggur til að leikskólinn sendi út tölvupóst til foreldra barna og óski eftir fulltrúum í foreldraráð. Hægt er þá að leita til foreldrafélagsins ef það gengur ekki.

Fundargerð ritaði Ásta Jóna Ásmundsdóttir